

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 11. júní 2014.

Rjúpnatalningar 2014

Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands vorið 2014 sýna fjölgun víða um land. Samandregið fyrir öll talningasvæði var meðalfjölgun rjúpna 41% á milli árunna 2013 og 2014. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöðu rjúpnatalninga vorið 2013 en þær sýndu að fækkunarskeið sem hófst 2009-2010 lauk eftir aðeins tvö til þrjú ár. Þetta er óvanalegt þar sem fyrri fækkunarskeið hafa varað í 5 til 8 ár og samkvæmt því átti næsta lágmark að vera á árunum 2015 til 2018. Aukning rjúpnastofnsins 2013-2014 er mismikil eftir landshlutum og á Suðurlandi og Norðvesturlandi er kyrrstaða eða fækkun. Í sögulegu samhengi er rjúpnafjöldinn 2014 undir meðallagi. Mat á veiðipóli rjúpnastofnsins og nánari greining á ástæðum fjölgunar munu liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna, afföllum 2013 til 2014 og veiði 2013.

Árlegri vortalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpu er lokið. Talningar gengu ágætlega og voru rjúpur taldar á 41 svæði í öllum landshlutum. Alls sáust 1459 karrar sem er um 2% af áætluðum heildarfjölda karra í landinu samkvæmt stofnstærðarmati. Talningarnar voru unnar í samvinnu við náttúrustofur landsins, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Vatnajökulsþjóðgarð, Fuglavernd, Skotvís, Fuglarannsóknastöðina á Höfn og áhugamenn. Um 60 manns tóku þátt í talningunum að þessu sinni.


Rjúpum fjölgaði víða 2013 til 2014. Greinileg aukning (>10%) var á 25 talningasvæðum (61%), kyrrstaða (<10% fækkun eða aukning) var á 2 svæðum (5%) og fækkun (>10%) var á 14 svæðum (34%). Samandregið fyrir öll talningasvæði á landinu var aukningin að meðaltali um 41% árin 2013 til 2014 (miðgildið er 29%). Rjúpum fjölgaði mest á Suðvesturlandi, Norðausturlandi og Austurlandi en á Norðvesturlandi og Suðurlandi var fækkun eða kyrrstaða. Í sögulegu samhengi er langt í land með að rjúpnastofninn hafi náð fyrri hæðum. Á Kvískerjum hefur verið talið í 52 ár og þar er árið 2014 það 12. lakasta frá upphafi, í Hrísey hefur verið talið í 47 ár og 2014 er það 16. lakasta, og á Norðausturlandi hefur verið talið í 34 ár og þar er árið 2014 um miðja röð (16 ár hafa verið lakari og 17 betri).

Náttúruleg lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar er um 11 ár. Stofninn var í hámarki á Norðausturlandi vorið 1998 og svo 2009 um vestanvert landið og 2010 um austanvert landið eða 11 og 12 árum síðar (1. mynd). Áhrif veiðibanns 2003 og 2004 flækja þessa mynd en friðunin dró verulega úr afföllum rjúpna og stofninn óx í kjölfarið. Rjúpum fækkaði frá 2009 og 2010 til vors 2012 en talningar vorið 2013 sýndu að uppsveifla var hafin í stofninum. Þetta kom á óvart þar sem fyrri fækkunarskeið hafa varað í 5 til 8 ár og búist var næsta lágmarki 2015 til 2018.

Fyrri hluti 20. aldar einkenndist af mjög háum toppum í rjúpnahámörkum og var sá síðasti í þeirri röð árið 1955. Síðustu áratugi hefur hins vegar gætt langtímaleitni til fækkunar í stofninum. Þannig hafa rannsóknir á Norðausturlandi t.d. sýnt marktæka fækkun rjúpna 1981-2003, sem nam um 4% á ári. Meginástæða þeirrar fækkunar var að afföll fullorðinna rjúpna höfðu aukist jafnt og þétt. Í ljósi þessarar þróunar hefur Náttúrufræðistofnun á undanförunum árum lagt til að dregið yrði verulega úr rjúpnaveiðum og árið 2003 lagði stofnunin til fimm ára veiðibann. Í framhaldi af því ákvað umhverfisráðherra að friða rjúpur í þrjú ár eða til haustsins 2006, en friðuninni

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

var aflétt haustið 2005 í kjölfar mikillar uppsveiflu í stofninum. Rjúpnaveiðar frá 2005 hafa verið takmarkaðar frá því sem var fyrr á árum og 2013 var veiðitíminn aðeins 12 dagar.



1. mynd. Niðurstöður karratalninga á sex svæðum á Norðausturlandi og í Hrísey á Eyjafirði, frá 1981–2014.

Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins mun liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpáangri rjúpna nú í sumar. Jafnframt munu þá liggja fyrir útreikningar á afföllum rjúpna 2013 til 2014 og mat á veiði 2013. Þegar þessi gögn eru tilbúin verður hægt að fjalla um mögulegar ástæður þess að stofninn er nú í vexti.

Nánari upplýsingar um ofanritað veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í sínum 5 900 500 og 843 9935

Með kveðju,

Ólafur Karl Nielsen



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Rjúpnatalningar 2014 – Yfirlit

Svæði	Hvernig talnið	Stærð	Úrtak 2014 (karrar séðir)	Karrar/ferkm		Munur (%)
				2013	2014	
Suðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					+110%
Reykjanes	Göngusnið	133 km	58	0,34	1,22	259
Ofan Reykjavíkur	Vegsnið	86,0 km	43	2,90	2,61	-10
Ölfusvatn	Reitatalning	2,8 ferkm	17	4,29	6,07	42
Mosfellsheiði	Vegsnið	41,0 km	10	0,27	0,67	148
Mosfellsheiði	Göngusnið	83,0 km	31	0,52	1,10	112
Hrafnagjá	Reitatalning	1,7 ferkm	0	1,18	0,00	-
Vesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					+53%
Hundastapi	Reitatalning	4,5 ferkm	6	0,67	1,33	100
Litli-Langidalur	Reitatalning	1,5 ferkm	4	4,67	2,67	-43
Skógarströnd	Reitatalning	6,3 ferkm	8	0,32	1,27	300
Mýrar	Vegsnið	179,0 km	30	0,59	0,69	17
Dalir	Vegsnið	95,0 km	24	1,47	0,84	-43
Dagverðarnes	Reitatalning	4,1 ferkm	7	1,95	1,71	-13
Vestfirðir	Vöxtur milli ára, meðaltal					+21%
Reykhólar	Reitatalning	3,3 ferkm	31	10,30	9,39	-9
Strandir-Djúp	Vegsnið	167,0 km	27	0,22	0,33	50
Norðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					+4%
Vestur-Hún.	Vegsnið	197,0 km	78	1,58	1,20	-24
Fitjárdalur	Göngusnið	80,0 km	46	0,91	2,52	177
Blönduós	Reitatalning	6,0 km	31	3,83	5,17	35
Skagi	Vegsnið	114,0 km	17	0,86	0,45	-48
Skagi að austan	Vegtalning	52,0 km	10	0,23	0,19	-17
Hegranes	Vegsnið	29,0 km	14	3,50	2,00	-43
Hegranes	Vegtalning	29,0 km	30	1,24	1,03	-17
Utánverðunes	Reitatalning	5,3 ferkm	16	4,53	3,02	-33
Norðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					+36%
Hrísey	Reitatalning	7,7 ferkm	89	9,48	11,56	22
Krossanesborgir	Reitatalning	1,1 ferkm	24	16,36	21,82	33
Birningsstaðir	Reitatalning	5,7 ferkm	26	3,68	4,56	24
Búrfellshraun	Reitatalning	2,5 ferkm	4	3,60	1,60	-56
Hafursstaðir	Reitatalning	8,0 ferkm	25	2,00	3,13	56
Hofstaðir	Reitatalning	4,5 ferkm	27	2,89	6,00	108
Hóll	Reitatalning	2,4 ferkm	24	6,67	10,00	50
Laxamýri	Reitatalning	3,7 ferkm	29	5,14	7,84	53
Þistilfjörður	Vegsnið	27,0 km	61	3,18	6,62	108
Bakkafjörður	Vegsnið	47,0 km	54	1,25	2,32	86
Slétta	Göngusnið	43,0 km	26	1,9	1,62	-15
Tjörnes	Vegsnið	36,0 km	85	4,07	6,97	71
Slétta	Vegsnið	23,0 km	8	1,34	0,36	-73
Austurland	Vöxtur milli ára, meðaltal					+37%
Jökulsárhlið	Reitatalning	4,5 ferkm	52	10,44	11,56	11
Rangá	Reitatalning	6,5 ferkm	39	5,08	6,00	18
Hérað	Vegsnið	125,0 km	274	3,87	7,07	83
Suðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					+74%
Kvísker	Reitatalning	2,1 ferkm	10	3,33	4,76	43
Skáftafell	Reitatalning	14,1 ferkm	41	1,42	2,91	105
Suðurlandsundirlendi	Vöxtur milli ára, meðaltal					-13%
Suðurland	Vegsnið	196 km	23	0,93	0,81	-13
Karrar alls			1469			
	Reitir	92	ferkm		Meðaltal	+41%
	Snið	1788	km		Miðgildi	+29%